

## **Fundargerð samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fundur samráðsnefndar bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn þann 7. september 2018. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 30 í Reykjavík og hófst kl. 13:15.

Fulltrúar BSRB voru: Arna Jakobína Björnsdóttir, Ásbjörn Sigurðsson, Garðar Hilmarsson og Karl Rúnar Þórsson.

Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga voru: Inga Rún Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson. Ellisif Tinna Víðisdóttir og Berglind Eva Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Fundargerð 7**

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

#### **2. Mat á háskólaprófi umfram grunnkröfur í starfi, 10. kafli kjarasamninga**

Aðilar sammála um að skipuleggja vinnufund um endurskoðun ákvæðis um viðbótarmenntun í 10 kafla fyrir næstu kjarasamninga.

#### **3. Starfsþróun starfsmanna sveitarfélaga**

Rætt um mikilvægi þess að efla og kortleggja starfsþróun hjá starfsmönnum sveitarfélaga.

#### **4. Útreikningur á vetrarleyfi**

Málið rætt og samþykkt að skoða fyrirkomulag hjá Reykjavíkurborg.

#### **5. Bakvakt á dagvinnutíma**

Erindi barst samráðsnefnd frá Kili þar sem óskað er eftir leiðréttingu á því hvenær greiðsla fyrir bakvaktarálag á dagvinnutímabili. Aðilar sammála um að skoða málið áfram.

Næsti fundur er fyrirhugaður föstudaginn 5. október kl. 13.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.